

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hönnunarsjóð – Auroru.

1.0. Heiti sjóðsins.

1.1. Sjóðurinn heitir Hönnunarsjóður Auroru. Er hann sjálfstæður sjóður sem er stofnaður af sjálfseignarstofnuninni Auroru, velgerðarsjóði, kt. 580607-0200. Starfsemi Hönnunarsjóðs Auroru á undir lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

2.0. Heimili og varnarþing.

2.1. Heimili og varnarþing Hönnunarsjóðs Auroru er að Kjalarvogi 7-15, Reykjavík, en stjórn hans getur ákveðið breytt heimilisfang sjóðsins í samræmi við lið 6.1. í skipulagsskrá þessari, ef það þjónar betur starfsemi hans.

3.0. Stofnandi, stofnfé, önnur framlög og samstarfsaðilar.

- 3.1. Stofnandi Hönnunarsjóðs Auroru er sjálfseignarstofnunin Aurora, velgerðarsjóður og er stofnfé sjóðsins veitt úr Auroru, velgerðarsjóði. Hönnunarsjóður Auroru er með sjálfstæðan fjárhag og sérstaka stjórn, eins og nánar verður vikið að síðar í skipulagsskrá þessari.
- 3.2. Stofnfé Hönnunarsjóðs Auroru eru kr. 852.000 - áttahundruðfimmtíuogtvöpusundkrónur 00/100
- 3.3. Skal árlega úthlutað styrkjum úr Hönnunarsjóði Auroru innan þeirra marka sem ákvæði 3.5. í stofnskrá þessari og tilgangur sjóðsins setja. Úthlutun úr sjóðnum til styrkþega er þó ekki bundin við sömu fjárhæðir árlega, heldur getur stjórn sjóðsins haft sveigjanleika á ráðstöfun fjáris milli ára.
- 3.4. Stofnfé Hönnunarsjóðs Auroru skal ávaxtað samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins, þar til því er ráðstafað skv. samþykkttri fjárhagsáætlun stjórnar.
- 3.5. Ávöxtun stofnfjár Hönnunarsjóðs Auroru, ásamt öðrum framlögum og styrkjum sem sjóðnum kunna að áskotnast frá öðrum aðilum, verður notað í samræmi við tilgang sjóðsins sbr. 4. gr. skipulagsskrárinnar.
- 3.6. Hönnunarsjóður Auroru ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum eignum er hann kann að eignast síðar. Engin sérréttindi fylgja eða tilheyra stofnanda sjóðsins.
- 3.7. Ráðstöfunartekjur Hönnunarsjóðs Auroru er árlegt fjárframlag Auroru, velgerðarsjóðs, vaxtatekjur og annar arður af stofnfé, auk annarra fjárframlaga sem sjóðnum kann að áskotnast. Hönnunarsjóður Auroru veitir viðtöku hvers konar gjöfum og framlögum frá einstaklingum, fyrirtækjum og félögum. Nöfn þeirra sem styrkja Hönnunarsjóð Auroru skulu færð í sérstaka nafnaskrá sem er í vörslu stjórnar hans. Við ráðstöfun tekna Hönnunarsjóðs Auroru í formi fjárframlaga skal gæta þeirra markmiða sem fram koma í 4. gr.
- 3.8. Hönnunarsjóður Auroru skal hafa sjálfstæðan fjárhag og skal stjórn hans sjá til þess að bókhald sé fært reglulega. Aurora, velgerðarsjóður skal velja endurskoðanda til að sjá um endurskoðun félagsins. Starfsár og reikningsár Hönnunarsjóðs Auroru er almanaksárið. Fyrsta reiknings tímabil er frá stofnun félagsins til ársloka 2009.

4.0. Tilgangur sjóðsins.

- 4.1. Megintilgangur Hönnunarsjóðs Auroru er að stuðla að og styrkja íslenska hönnun, með stuðningi við unga hönnuði og auðvelda þeim að koma sjálfum sér, hugmyndum sínum og vörum á framfæri hérlendis og erlendis. Jafnframt er markmið Hönnunarsjóðs Auroru að miðla þekkingu á hönnun, koma á samstarfi hönnuða annars vegar og framleiðanda og annarra aðila úr athafnalífinu hins vegar.
- 4.2. Starfsemi Hönnunarsjóðs Auroru er ætlað að styðja við hönnun og hönnunarferil þeirra hönnuða sem unnið er með.

4.3. Hönnunarsjóður Auroru og starfsemi hans er verkefni með skilgreindan fjárhag frá ári til árs skv. ákvörðun stjórnar Auroru, velgerðarsjóðs.

4.4. Áformað er að starfsemin skiptist í tvo meginþætti:

- a) Meginhluti starfseminnar skal snúa að því að styðja við og vinna með völdum hönnuðum að sérstökum verkefnum í samræmi við ofangreind markmið.
- b) Einnig skal unnið að stuðningi við íslenska hönnun og hönnuði með öðrum hætti s.s. með miðlun þekkingar gegnum fyrirlestra, námskeið, vinnusmiðjur o.s.frv., í einhverjum tilvikum í skilgreindu samstarfi, m.a. með þjónustusamningum, við ýmsa aðra aðila í hönnunargeiranum.

Hvert verkefni skal skilgreint í samningi sem framkvæmdastjóri útfærir í samstarfi við stjórn Hönnunarsjóðs Auroru og fylgir síðan eftir. Hver samningur skal sérsniðinn að viðkomandi hönnuði og því verkefni sem hann tengist. Unnið skal með hönnuðum á verkefnagrundvelli á skilgreindum tímabilum eftir eðli hvers verkefnis. Verkefni skulu hafa skilgreint upphaf og endi.

Hönnuði ber skylda til að upplýsa framkvæmdastjóra um framgang verkefnis í samræmi við samning. Ef veigamiklar breytingar verða á þróun verkefnis skal framkvæmdastjóri kynna breytta stöðu fyrir stjórn Hönnunarsjóðs Auroru. Þess skal gætt að breytingar á verkefni fari ekki út fyrir markmið sjóðsins.

4.5. Stjórn Hönnunarsjóðs Auroru og framkvæmdastjóri skulu móta reglur um nánara skipulag og starfsemi sjóðsins. Stjórn tekur ákvörðun um allar úthlutanir úr sjóðnum og aðrar styrkveitingar samkvæmt tillögum framkvæmdastjóra, allt eftir eðli verkefna og áætlunum um framvindu þeirra.

4.6. Fjárhagslegur stuðningur skal veittur til ákveðinna skilgreindra verkþátta samkvæmt fyrirfram samþykktri og sundurliðaðri fjárhagsáætlun. Verkefnasamningar skulu ávallt uppsegjanlegir af beggja hálfu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem framkvæmdastjóri leggur fyrir stjórn.

4.7. Hönnuðir sem Hönnunarsjóður Auroru vinnur með skulu tilnefndir og valdir af framkvæmdastjóra sem leggur fyrir stjórn áætlun um verkefni og hönnuði á a.m.k. sex mánaða fresti. Stjórn getur aðeins hafnað tilnefningum ef allir stjórnarmenn mæla gegn samningi við viðkomandi. Stjórnarmenn geta komið með skriflegar tillögur til framkvæmdastjóra um hönnuði sem þeir telja vænlegt að vinna með, en hönnuðir skulu valdir bæði eftir umsóknum og beint af framkvæmdastjóra. Stjórnarmenn skulu ekki eiga í viðræðum við einstaka hönnuði um samstarf á vegum Hönnunarsjóðs Auroru, heldur beina öllum slíkum erindum beint til framkvæmdastjóra.

5.0. Stjórn og framkvæmdastjóri.

5.1. Stjórn Hönnunarsjóðs Auroru skal skipuð þremur einstaklingum og einum til vara. Kjörtímabil stjórnar er þrjú ár. Formaður stjórnar skal skipaður af stjórn Auroru, velgerðarsjóðs, en aðrir stjórnarmenn skv. tilnefningu formanns með samþykki stjórnar Auroru, velgerðarsjóðs. Stjórn Hönnunarsjóðs Auroru þiggur laun fyrir fundarsetu skv. ákvörðun stjórnar Auroru, velgerðarsjóðs á hverjum tíma. Stjórnarfundir skulu haldnir ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði, að jafnaði. Stjórn Hönnunarsjóðs Auroru skal gera grein fyrir störfum sínum gagnvart stjórn Auroru, velgerðarsjóðs og skal formaður stjórnar skila skriflegri skýrslu um starfsemina á a.m.k. sex mánaða fresti, auk ársskýrslu í lok hvers almanaksárs. Skal ársskýrsla kynnt á sameiginlegum fundi stjórnar Hönnunarsjóðs Auroru og fulltrúa stjórnar Auroru, velgerðarsjóðs, svokölluðum ársfundi, sjá nánar síðar.

Stjórnarmenn Hönnunarsjóðs Auroru geta sagt sig úr stjórn félagsins án fyrirvara og stjórn Auroru, velgerðarsjóðs getur einnig sagt upp stjórnarmönnum í Hönnunarsjóði Auroru með tveggja mánaða fyrirvara. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn Hönnunarsjóðs Auroru. Undirskrift meirihluta stjórnar skuldbindur sjóðinn.

5.2. Stjórn Hönnunarsjóðs Auroru getur valið sér 5-8 manna faghóp sér til ráðuneytis sem hittast skal a.m.k. einu sinni á ári.

- 5.3. Stjórn Hönnunarsjóðs Auroru ræður framkvæmdastjóra fyrir sjóðinn, semur um launakjör við hann og veitir honum prókúru. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að leggja fram tillögur að styrkþegum sjóðsins og samningum við þá. Hann hefur umsjón með daglegum rekstri, þ.m.t. húsnæði sjóðsins, gerir fjárhagsáætlanir sem kynntar skulu stjórn, sem og reikningsuppgjör sjóðsins á 3ja mánaða fresti. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á samstarfi og eftirliti með framvindu allra samningsbundinna verkefna.
- 5.4. Verkefni framkvæmdastjóra Hönnunarsjóðs Auroru felast einnig í utanumhaldi samstarfs við ýmsa aðila sem starfa á sviði hönnunar og vinna að hliðstæðum markmiðum og þeim sem stjórn hefur samþykkt. Ráðgjöf á fyrirfram skilgreindri þjónustu, t.a.m. á sviði framleiðslumála, kynningar- og markaðsmála, o.s.frv., er heimilt að sækja til utanaðkomandi aðila. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á og tekur ákvarðanir um aðkeypta þjónustu og annað samstarf, en skal engu að síður bera þær ákvarðanir undir stjórn sjóðsins. Samninga- og fjárhagsútgjöld undir ákveðinni fjárhæð eru ekki háð samþykki stjórnar, enda skulu slík útgjöld innifalin í samþykkttri fjárhagsáætlun. Framkvæmdastjóra ber að vera hönnuðum til halds og trausts með ýmis mál.
- 5.5. Framkvæmdastjóri Hönnunarsjóðs Auroru skal ráðinn til 3ja ára, með 3ja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Vinnutími hans og starfshlutfall skal skilgreint í ráðningarsamningi við stjórn. Launakjör og vinnutímaviðmið skal endurskoðað eftir fyrsta árið.
- 5.6. Stjórn Hönnunarsjóðs Auroru og framkvæmdastjóri skulu vinna að markmiðum sjóðsins sem fram koma í 4. gr. og skulu gæta þess eftir fremsta megni að kostnaður starfseminnar sé hóflegur og í samræmi við rekstraráætlanir. Óheimilt er að binda eignir Hönnunarsjóðs Auroru skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi sjóðsins. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda í samvinnu við framkvæmdastjóra, en jafnframt skulu fundir haldnir ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri óskar þess. Í þeim tilvikum skal stjórnarfundur haldinn innan 2ja vikna frá því að ósk um fund er komið á framfæri við formann stjórnar. Stjórnarfundir skulu skráðir í gerðabók. Stjórnin skal setja sér starfsreglur um störf sín og hvernig hún hyggst vinna samkvæmt markmiðum 4. gr. Mikilvægar ákvarðanir verða ekki teknar án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið sé þess nokkur kostur. Reglur stjórnsýsluréttar um sérstakt hæfi skulu gilda um stjórnarmenn við afgreiðslu mála.
- 5.7. Ársfundur Hönnunarsjóðs Auroru skal haldinn ár hvert í mars eða apríl vegna undangengins starfsárs. Verkefni ársfundar er að greina frá starfsemi sjóðsins og samþykkja ársreikning sjóðsins fyrir undanfarið almanaksár, auk þess sem Aurora, velgerðarsjóður staðfestir áframhaldandi tilnefningu sína á stjórnarmönnum. Aukaársfundir skulu haldnir þegar meirihluti stjórnar óskar eftir því. Ef taka á til meðferðar á ársfundi, eða aukaársfundi, tillögu til breytinga á samþykktum þessum, skal meginefni tillögunnar fylgja fundarboði. Stjórn Hönnunarsjóðs Auroru fer ein með ákvörðunarvald á ársfundum en framkvæmdastjóri og stjórnarmenn Auroru velgerðarsjóðs hafa bæði tillögurétt og málfrelsi á þeim. Ársfundi og aukaársfundi skal formaður stjórnar, í samvinnu við framkvæmdastjóra, boða með tilkynningu til fundarmanna með minnst 14 daga fyrirvara. Skal boðun fara fram í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan jafn sannanlegan hátt.
- 5.8. Stjórn Hönnunarsjóðs Auroru skal sjá um að haldið sé ítarlegt bókhald um starfsemi hans og skila ársreikningi á ársfundi, endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda. Stofnandi velur endurskoðanda sjóðsins. Stjórn Hönnunarsjóðs Auroru skal gera fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár. Stjórnin skal fylgjast grannt með fjárhag sjóðsins, einkum með því að tekjur Hönnunarsjóðs Auroru standi undir kostnaði og skuldbindingum.
- 5.9. Hver sem er, einstaklingar, félög og aðrar lögpersónur, geta gerst hollvinir Hönnunarsjóðs Auroru að fengnu samþykki stjórnar sjóðsins og samkvæmt nánari reglum sem stjórnin setur. Hollvinir skulu hafa rétt til setu á ársfundum Hönnunarsjóðs Auroru með málfrelsi og tillögurétt, nema stjórn sjóðsins taki ákvörðun um annað.

6.0. Gildistími og lok starfsemi.

- 6.1. Tillögur að breytingum á skipulagsskrá þessari skal leggja fyrir ársfund eða aukaársfund Hönnunarsjóðs Auroru þar sem breytingarnar skulu kynntar og afstaða tekin til þeirra og greidd um þær atkvæði. Tillögur um breytingar á skipulagsskránni skulu berast stjórn sjóðsins með

nægilegum fyrirvara svo unnt sé að geta slíkrar tillögu í fundarboði. Til að breytingar á skipulagsskránni geti öðlast gildi þurfa 2/3 stjórnarmanna sjóðsins að samþykka þær.

- 6.2. Með tillögur um að fella niður skipulagsskrá Hönnunarsjóðs Auroru og leggja hann niður skal farið á sama hátt og breytingar. Þegar starfi Hönnunarsjóðs Auroru lýkur skal stjórn hans gera upp skuldir og eignir og slíta rekstri hans, ef einhver er. Skal eftirstandandi eignum, ef einhverjar eru, varið í samræmi við markmið sjóðsins.
- 6.3. Skipulagsskrá þessi er undirrituð, samþykkt og staðfest af stjórn Auroru, velgerðarsjóðs, en Hönnunarsjóður Auroru er sjálfstæður sjóður og starfar þar með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.
- 6.4. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari. Sé skipulagsskrá breytt eða sé samþykkt að hún sé lögð niður skal leita samþykkis sýslumannsins á Sauðárkróki.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 18. febrúar 2009.

Ríkarður Mátsson.

Helgi Már Ólafsson.